

## **136. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands**

haldinn að Austurvegi 56, mánudaginn 16 október 2006, kl 14:00

Mætt. Elva Dögg Þórðardóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

### **1. Urðunarrein nr. 9.**

Opnuð voru tilboð í jarðvinnu við rein nr. 9, 12. október. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða bauð lægst eða 43.200.000 en kostnaðaráætlun var 51.980.000.

Stjórnin samþykkir að ganga frá samning við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um framkvæmdina.

### **2. Deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu.**

Sveitarfélagið Ölfus tók fyrir tillögu um breytt deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu á bæjarstjórnar fundi þann 5 október s.l. Sveitarfélagið samþykkti tillöguna og sendi hana áfram til skipulagsstofnunar til staðfestingar.

### **3. Bréf frá KBbanka, uppsögn leigu á verksmiðju.**

Farið var yfir málið og ákveðið að óska eftir fundi með KBbanka hið fyrsta.

### **4. Önnur mál.**

#### **- Eyðing á riðuveiku fé úr Flóanum**

Héraðsdýralæknir hefur óskað eftir að fá að urða 150 kindur á Kirkjuferjuháleigu. Heimild UST vegna framkvæmdarinnar liggur ekki fyrir að svo stöddu.

#### **- Málshöfðun fyrir Héraðsdómi Suðurlands.**

Eigendur og ábúendur að Grænhóli og Auðsholtshjáleigu í Ölfusi hafa stefnt sveitarfélaginu Ölfusi og Sorpstöð Suðurlands til réttargæslu.

Samþykkt að Sorpstöð Suðurlands skili greinargerð af sinni hálfu í málinu fyrir 1. nóvember.

#### **- Bréf frá HSSH 18. september 2006.**

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

Fundi slitið kl 15:05.

Bls 17